

Hverfisráðsfundur

21.02.2022 kl. 20:30 TEAMS

Mætt eru:

Árdís Hrönn Jónsdóttir, Brynjar Þór Vigfússon, Charlotta Englund, Halldís Gríma Halldórsdóttir, Sigríður Þorvaldsdóttir og Stefán Haukur Grímsson.

1. Vatnstaka- og stækkun á nytjalandi Rifóss.

Skipulags- og framkvæmdaráð óskar eftir afstöðu hverfisráðs Öxarfjarðar til erindis er varðar heimild til Rifós, Kópaskeri um stækkun á nýtingarlandi vegna vatnstöku á 1,6 ha landi austan við Röndina á Kópaskeri. Með erindi fylgir hnitsett afmörkun þess lands sem óskað er eftir að heimildin nái til.

*Hverfisráð Öxarfjarðar gerir ekki athugasemd við fyrirhugaða nýtingu en það er mat ráðsins að fyrirhuguð lóð ná óþarflega langt til norðurs og myndi þannig útiloka stækkun tjaldsvæðisins á Kópaskeri (sem er orðið aðkallandi að huga að). Þá er lagt til að lóðarmörkin verði við gömlu innkeyrsluna að þorpinu **sjá meðfylgjandi mynd 1.***

2. Rafhleðslustöð á Kópaskeri.

Á 117. fundi skipulags- og framkvæmdaráðs var tekið fyrir erindi Rafhleðslustöðvar á Kópaskeri og Raufarhöfn 202201087 og eftirfarandi bókað:

Fyrir Skipulags- og framkvæmdaráði liggur samningur milli Orkustofnunar og Norðurlands um rafhleðslustöðvar á Kópaskeri og Raufarhöfn. Einnig er tilboð frá Ísorku um uppsetningar og rekstur á þessum rafhleðslustöðvum. Skipulags- og framkvæmdaráð samþykkir samninginn við Orkustofnun og að farið verði í uppsetningu á rafhleðslustöðvum á Kópaskeri og Raufarhöfn.

Skipulags- og framkvæmdaráð vísar málinu til Hverfisráða Öxarfjarðar og Raufarhafnar og óskar eftir álit á staðsetningu rafhleðslustöðvanna.

Hverfisráð Öxarfjarðar leggur til að stöðin verði staðsett í nálægð við verslunina, bankann og póstinn til þess að stuðla að nýtingu á þjónustu á staðnum og að viðkomandi viðskiptavinur hafi athvarf á meðan á hleðslunni stendur. Þá er staðsetningin einnig hentug að því leytinu til að hún er nálægt sjónum og fuglaskýli ef fólk vill njóta útiveru og náttúru á meðan á hleðslu stendur.

*Æskileg staðsetning er sunnan við verslunarhúsið, sunnan við götuna heldur austarlega, **sjá meðfylgjandi mynd 2.** Þá er einnig hvatt til þess að planið í heild sé bætt fyrir gesti, viðskiptavinum og starfsmenn.*

3. Annað

Hverfísráðið fagnar því að þessum málum hafi verið vísað til hverfísráðs.